

Kæri starfsmaður,

Leikskólinn notar sjálfsmatskerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja starfsmenn í leikskólanum um: **líðan í starfi, starfsanda, daglegt starf, starfshætti, samstarf og samskipti, starfsþróun, símenntun, sjórnun og forystu.**

Könnunin fer fram í febrúar og leikskólinn fær heildarniðurstöður með samanburði við landið í heild í byrjun mars. Niðurstöðurnar eru jafnframt notaðar af starfsfólki Skólapúlsins til að framkvæma tölfræðigreiningar m.a. fyrir ráðuneyti og fræðimenn til að auka skilning á starfi leikskólastarfsfólks á landsvísu.

Sjálfsmatskerfið hefur verið tilkynnt til Persónuverndar undir númerinu S5590. **Engum persónuupplýsingum** er safnað í Skólapúlsinum og því ekki hægt að sjá hver svarar hverju. Niðurstöður úr Skólapúlsinum eru jafnframt aldrei birtar í hópum sem eru með minni en fimm svarendur. Með þessu er komið í veg fyrir að hægt sé að nota útilokunaraðferð og tengja svör við einstaka svarendur á minni vinnustöðum. Þér er því óhætt að svara könnuninni án þess að eiga á hættu að tapa nafnleynd.

Þetta bréf er sent til að upplýsa þig um fyrirhugaða gagnasöfnun leikskólans. Ef þú er mótfallin(n) því að eiga möguleika á að svara könnuninni, hafðu þá samband við leikskólann eða ritaðu nafn þitt hér fyrir neðan og skilaðu til leikskólans.

Nánari upplýsingar um sjálfsmatskerfið eru á www.skolapulsinn.is/um. Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapúlsins, í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is

Ég vil ekki eiga möguleika á að svara starfsmannakönnuninni.

Leikskóli: _____

Undirskrift starfsmanns og dags.: _____